

Átíðar- guðsþjónustur

24. desember 2016

Hið guðlega og mannlega renna saman

Séra Grétar Halldór Gunnarsson upplifir í ár sín fyrstu jól sem prestur. Hann segist furðu lítið stressaður fyrir helgihaldinu í Grafarvogskirkju og aðeins upplifa hlýju og eftirvæntingu.

Sólveig
Gísladóttir

solveig@365.is



„Ég er nýjasti og ferskasti presturinn í Þjóðkirkjunni,“ segir Grétar glettinn þegar hann tekur á móti blaðamanni í nýju skrifstofunni sinni í Grafarvogskirkju. Hann er enn að koma sér fyrir enda var hann aðeins vígður til prests þann 20. nóvember síðastliðinn. Grétar tók lengri leiðina að prestskapnum en hann útskrifaðist sem guðfræðingur fyrir átta árum. „Svo gleymdi ég að hætta að læra, fór til Bandaríkjanna í viðbótar meistaranám og þaðan til Edinborgar þar sem ég kláraði doktorsnám í guðfræði. Undanfarin tvö ár hef ég starfað fyrir kirkjuna sem aðstoðarmaður prófests í Kjalarnesprófestsdæmi.“

Trúin og andlegheit í bakgrunni

Inntur eftir sínum jólahæfðum segist Grétar hafa alist upp við svipadar jólahæfir og flestir Íslendingar. „Trú og andlegheit voru í bakgrunnum en ekki mjög tengd kirkjusókn. Ég held að þetta tengist þessari týpísku íslensku heimilistrúæðni sem rekja má til baðstofukristindómsins sem var algengur á Íslandi, enda átti fólk oft erfitt með að komast til kirkju,“ segir Grétar en fjölskylda hans fór ekki í kirkju á jólonum en hlustaði á útvarpsmessuna. „Samt sem áður skildi maður sem barn helgina og friðinn sem fólst í þessum degi, meira að segja í gegnum allan pakkatrínginn.“

Hnetusteik og svínasteik

Aðfangadagur á uppvaxtarárum Grétars fólst í því að allri fjölskyldunni og pakkaflóðinu var smalað í bílinn til að fara til ömmu og afa að borða hamborgarhrygg. „Þetta var mjög hefðbundið en maður upplifði þennan dag algerlega töfrum hlaðinn.“

Grétar hefur haldið í hefðirnar þó ýmislegt sé breytt. „Í dag á ég börn og sú hefð helst að fara til ömmu og afa, en nú eru það börnin sem fara til ömmu sinnar og afa, en við höldum jólin til skiptis hjá foreldrum mínum og tengdaforeldrum,“ segir Grétar. Matarhefðirnar hafa þó breyst nokkuð. „Systir mín er vegan og mamma mín grænmetisæta og því höfum við

undanfarin ár borðað hnetusteik á jólonum. Þessi jólin verðum við fleiri og þá verður líka hamborgarhryggur.“

Fyrstu jólin sem prestur

Jólin í ár verða með nokkuð öðru sniði en undanfarin ár enda fyrstu jólin Grétars eftir að hann var vígður prestur í Grafarvogskirkju. Sóknin er sú stærsta á landinu með 20 þúsund sóknarbörnum og prestarnir fjórir sem skipta milli sín verkum. Grétar verður því ekki að messa á aðfangadag en sér þess í stað um annan í jólum, nýársdag og kyrrðarstund milli jóla og nýárs. Hann segist furðu lítið stressaður fyrir hátíðunum. „Mér finnst ég sitja vel í sjálfum mér og vera tilbúinn enda hef ég fylgst lengi með. Þó ég sé að gera margt í fyrsta sinn upplifi ég bara hlýju og eftirvæntingu að fá að taka þátt í þessum viðburðum.“

Hann hlakkar sérstaklega til að stjórna viðburðinum Jólustund við jötuna á annan í jólum. „Það er guðsþjónusta fyrir alla fjölskylduna. Þá koma krakkar með, barnakórinn syngur og sagðar verða sögur.“

Kjarninn í jólaboðskapnum

Jólasagan er mörgum ofarlega í huga á þessum tíma, en hver er boðskapur hennar? „Í jólasögunni er talað um að hið mannlega og hið guðlega hafi runnið saman í litlu varnarlausu barni, og ég held að það sé kjarninn. Það er eins og línan milli hins andlega og veraldlega verði aðeins þynnri á jólonum. Um jólaleytið upplifum við tengingu við barnið innra með okkur og hjarta okkar verður eins og jata. Við erum minnt á að guð er ekki langt í burtu heldur mitt í því lægsta, minnsta og varnarlausasta. Við, sem brynjum okkur oft fyrir heiminum, ættum að fletta brynjunni af og finna þetta varnarlausu barn, og þegar við umföðum vanmátt okkar breytist hann í styrkleika.“

Erum ólæknandi andleg

Þjóðkirkjan er í dag ekki jafn óumdeild og hún var fyrir nokkrum árum og æ fleiri eru utan trúfélaga. Hvað fær ungan mann í dag til að gerast prestur? „Sagan segir okkur að manneskjan er á einhvern hátt ólæknandi andleg. Fólk leitar inn á við hvort sem það er í kirkju



Séra Grétar Halldór Gunnarsson hlakkar til að takast í fyrsta sinn á við hátíðarnar sem prestur í Grafarvogskirkju. MYND/GVA

eða annars staðar. Í íslensku samfélagi leitar fólk í jóga, íhugun og mindfulness og það er vitnisburður um að manneskjan er andlega leitandi. Ég tel það vera vekjandi kall fyrir kirkjuna að mæta

fólki og verða sá vettvangur sem fólk þarf til að stunda þessa andlegu leit,“ segir Grétar sem sjálfur stundar kristilega íhugun. „Ég finn til heilmikils systkinalags með þeim sem stunda íhugun eða eitt-

hvað í þá áttina í öllum hefðum og ég finn að ég hef svoltið áhuga á því að dusta rykið af þessari þróttmiklu íhugunarhefð og mystík sem er að finna innan kristindómsins og gleymist stundum.“

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2016

J.S. BACH JÓLAÓRATÓRÍAN I-III BWV 248



29. DESEMBER FIMMTUDAGUR KL. 20 - 30. DESEMBER FÖSTUDAGUR KL. 17



Eitt dádasta jólaverk allra tíma flutt á hátíðartónleikum í tilefni af 20 ára afmæli Schola cantorum (1996 - 2016). Þrjú einsöngvaranna eru meðlimir kórsins en með hlutverk guðspjallamannsins fer Benedikt Kristjánsson, sem nú er eftirsóttur á þessu sviði um allan heim.

Flytjendur: Schola cantorum og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju.

Einsöngvarar: Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran, Hildigunnur Einarsdóttir alt, Benedikt Kristjánsson tenór og Fjölur Ólafsson bassi.

Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Miðaverð: 9.500 kr. (úrvalssæti), 6.500 kr. (almenn sæti), 50% afsláttur af lægra verði fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju (áður Den Haag) er skipuð afburðahljóðfæraleikurum sem flestir hafa stundað nám við konunglega tónlistarháskólann í Haag. Barokksveitin hefur margsinnis komið hingað til lands á undanförunum árum og flutt stórvirki barokktímans með kórum Hallgrímskirkju og hefur jafnan hlotið ríkulegt lof gagnrýnenda og áheyrenda fyrir leik sinn. Konsertmeistari er Tuomo Suni fiðluleikari frá Finnlandi.

Schola cantorum, sem í ár fagnar 20 ára afmæli sínu, hefur frá upphafi hlotið mikla athygli fyrir fagaðan og tæran söng sinn. Kórinn hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og unnið til verðlauna í erlendum keppnum og komið fram á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um Evrópu og í Japan. Ný geislaplata kórsins MEDITATIO, gefin út af BIS í Svíþjóð, hefur hlotið frábærar viðtökur og hástemmt lof hjá erlendum gagnrýnendum. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson.



HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Eggert Pálsson pákuleikari og Björn St. Sólbergsson leika hátíðarverk eftir J.S. Bach, Albinoni, o fl. barokkmeistara.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félaga koma öllum í áramótaskapið!

Miðaverð 3.900 kr. 50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.



31. DESEMBER GAMLÁRS DAGUR KL. 16.30
(ATH BREYTTAN TÍMA)